

## KYNNING Á VETRARSTARFI HAUST 2020

Í vetur verða 20 börn á deildinni öll fædd 2015.

Starfsfólk og vinnutímar

- Olla vinnur 8:00-16:00 nema mánudaga hættir þá kl 13
- Kidda vinnur 9:00-14:00 alla daga
- Brynja Björg vinnur 8:15-15:45 alla daga
- Alyssa sér um að loka deildinni í lok dags
- Elín Björg sér um að opna deildinna á morgnana.

**Sérkennsluteymi:** Við skólann vinnur sérkennsluteymi sem vinnur þvert á deildir. Þannig fá allir að njóta fjölbreytta kennsluaðferða og sérkennslan nýtist sem best þar sem þörfin er mest hverju sinni. Í sérkennsluteyminu eru: Gulla sérkennslustjóri, Kristjana, Linda og Katý.

Í vetur munum við skipta barnahópnum upp í tvo hópa sem við köllum Stjörnur og Mána. Þessi hópskipting verður notuð í Lesleik, Stærðfræðileik, hreyfistundum og Stig af stigi en utan þess blandast hóparnir. Ekki munu verða ákveðnir hópstjórar eins og þið þekkið af yngri deildunum heldur verður hver kennari með ábyrgð á ákveðnum kennsluþáttum og náum þannig að nýta sem best hæfileika okkar og við fáum allar að kynnast öllum barnahópnum

Mánar	Stjörnur
Róman Daði	Sara Lind
Elísa Arney	Sara Lilly
Svala	Heiður Helga
Sóllilja	Karen Björk
María Rós	Ásrún Hekla
Patricija	Efemía Von
Urður Petra	Nadír
Arnheiður Lilja	Bjarki Fannar
Stefán Már	Matthías Máni
Alexander Aron	Elvar Freyr

**Lesleikur-** byggjum við uppá bókinni *Lubbi finnur málbein*. Farið er yfir 2 máhljóð í viku, þau rædd og æfð og síðan æfum við okkur einnig að skrifa bókstafina. Börnin fá síðan að spreyta sig á hinum ýmsu lestrarhvetjandi verkefnum sem sett eru upp í stöðvavinnu.

**Stærðfræðileikur**- vinnum með stærðfræðitengd verkefni og leikum með dót sem eflir talnaskilning. Veturinn 2016-2017 voru við þátttakendur í þróunarverkefni þar sem verið var að þýða og staðfæra norskt námsefni sem kallast Mio og er notað til að kanna þekkingu barna á hinum ýmsu stærðfræði hugtökum. Með því er auðvelt að sjá hvar barnið er stöðugt og þá auðveldar að styðja betur við þá sem það þurfa.

**Söngvaflóð** – samstarf milli tónlistarskólans á Akureyri og allra leik- og grunnskóla bæjarins. Settur er upp listi með lögum og þau æfð markvisst og síðan fáum við til okkar kennar frá tónlistarskólanum einu sinni í viku. Heimasíða verkefnisins má finna hér: <http://www.tonak.is/is/tonaflod>

**Listasmiðja** – Unnið að hinum ýmsu listverkefnum og föndri. Lögð áhersla á að prófa mismunandi aðferðir þannig að börnin kynnist með flestum möguleikum listsköpunar. Við leitum eftir áhuga barnana um hvað þeim langar að skapa ásamt því að vinna verkefni tengt árstíðartengdum þemum.

**Hreyfistund**- Sigbór muna sjá um skipulag og kennslu í hreyfistundum í vetur. Þar fá börnin tækifæri til að æfa styrk og þor og stuðst verður við námaðferðina Leikur að læra.

**Stig af stigi** – Er námsefni fyrir 4.ára börn þar sem unnið er með tilfinningabroska og tilfinningalæsi barnanna. Upprifjuna á þessu námsefni verður vikulega í vetur.

**Val**- Í leiktímanum velja börnin sér svæði til að leika á með fyrirfram ákveðnum efnivið og leika á því sama svæði í ákveðin tíma. Börnin fá að skiptast á að vera valstjórar og sjá þá um að bjóða hinum börnum að velja.

**Uppákomudagar** eru oft á föstudögum þá brjótum við upp daginn með einhverjum skemmtilegu. Suma uppákomu dagar er í boði fyrir börnin að koma með hluti að heiman og þá er það vel auglýst í fataherbergi og einning minnt á í föstudagspóstum. Minnum einnig á að muna að merkja hlutina sem koma að heiman.

**Samstarf skólastiga** - Við erum í góðu samstarfi við Lundarskóla. 1. bekkur kemur í heimsóknir til okkar og síðar förum við í heimsókn til þeirra. Inn í þessu samtari eru líka heimsóknir 6. bekkjar til okkar þar sem þau koma og lesa fyrir okkur reglulega yfir veturinn. Í vor koma þau síðan í heimsókn og þá eru mynduð vinapör þar sem tilgangurinn er að börnin þekki einhvern eldri í grunnskólanum þegar þangað kemur næskomandi haust. Þess ber þó að geta að ekki er víst að þetta samstarf geti farið fram sökum takmarkana vegna covid 19 en vonandi náum við að halda okkur að mestu við áætlunina.

**Hljóm2** - er greiningartæki, aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika. Skimunin er lögð fyrir í október. Ef niðurstöðurnar eru slakar, þá vinnum við sérstaklega með það barn í samvinnu við Gullu sérkennslustjóra. Fyrir þessi börn er prófið lagt fyrir aftur í janúar/febrúar.

**SMT** er styðjandi skólafærni sem er ein af aðaláherslum skólans. Við styrkjum jákvæð hegðun með hrósi og umbun í formi brosa. Brosunum er safnað saman á töflu í fataherbergi og þegar taflan er full fá börnin umbun sem þau hafa valið sér í sameiningu. Einnig setjum við mörk og stoppum óæskilega hegðun með skýrum fyrirmælum.

**Umhverfismennt:** Við leggjum mikið upp úr umhverfismennt. Við reynum að nýta verðlaust efni sem mest og endurvinna/endurnýta hluti. Við ýtum undir að þau læri að fara vel með þann efnivið sem við erum með. Við flokkum reglulega með þeim og hugum að matarsóun auk þess sem við förum og kynnumst umhverfinu okkar, hreinsum til í kringum okkur.

**Karellen:** Við höfum unnið með Karellen kerfið frá byrjun árs 2019. Þar inni skráum við mætingu barnana, þið sjálf getið merkt þar inn ef barnið ykkar er veikt eða í fríi. Þar inn setjum við ljósmyndir úr starfinu og auðvelt er að senda stutt skilaboð á milli foreldra og deildar. Við hvetjum ykkur eindregið til að nota kerfið ef þið eruð ekki byrjuð á því nú þegar. Auðvelt er að ná í smáforritið í annað hvort apple store eða play store. En til að virkja aðgangi í fyrsta skipti þarf að fara inná vefsíðuna [karellen.is](http://karellen.is)

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári, núna í október hittumst við og ræðum hvernig barninu líður í leikskólanum og heyrum í ykkur hvað ykkur liggur á hjarta varðandi leikskóladvöl barnsins. Í maí hittumst við aftur og förum með ykkur yfir upplýsingar sem við gefum í grunnskólana. Að sjálfsgöðu er alltaf í boði að biðja um viðtal hvort sem það er við deildarstjóra eða kennara, ef það er eitthvað sem ykkur liggur á hjarta.

## Hagnýt atriði

- Merkja föt – Gott að merkja öll föt, er síður að þau fari á flakk ef þau er vel merkt.
- Láta vita ef barn er veikt eða í fríi.
- Láta einnig vita ef einhver annar en foreldrar koma og sækja barnið.
- Láta vita af breytingum í lífi barnsins- flutningar, fjarvera foreldra, dauðsfall í fjölskyldu og annað í þá veru sem getur haft áhrif á líðan barnsins er nauðsynlegt fyrir okkur að fá að vita.
- Hliðið inná leikskólalóðina- biðjum ykkur að leyfa börnum ekki að opna hlið inná leikskólalóðina sjálf. Getur verið erfitt fyrir börnin að greina á milli, að þau megi opna það sjálf þegar þau koma eða eru sótt en megi það ekki þegar þau eru í útiveru. Þannig höfum einfaldlega regluna, fullorðnir opna hliðið
- Þegar barn er sótt í útiveru, passa að starfsmaður sjái ykkur fara og ef engin starfsmaður á okkar deild er sjáanlegur biðja þá aðra starfsmenn að koma því til skila til okkar.
- Taka blaut föt heim í lok dags.

- Skipulagt starf byrjar kl 9:00, hópastarftímar og annað skipulagt starf byrjar klukkan 9 á morgnana og biðjum ykkur því að hafa í huga að börnin missa af þeim verkefnum sem verið er að vinna ef þau mæta ekki.
- Afmælisboð – við viljum ekki fá afmælisboðskort í hólf barnana nema ef öll á deildinni er boðið. En erum allar að vilja gerðar til að aðstoða ykkur um heimilisföng eða símanúmer til að koma afmælisboðum til skila.
- Bækur velkomnar – í boði er að koma með bækur alla daga í leikskólann.
- Börnin eiga flest að eiga taupoka sem þau fengu í byrjun leikskólagöngurnar, endilega hafið þessa poka í hólfum barnana undir blaut föt því við viljum gjarnan hafa plastpoka notkun í algeru lágmarki.
- Biðjum ykkur að virða vistunartíma barnana ykkar, þar að segja að þau séu bæði sótt á réttum tíma og einnig þau séu ekki mætt fyrir sinn vistunartíma. Í einstaka tilfellum er ekkert mál að koma til móts við ykkur ef upp koma aðstæður þar sem þið þurfið nokkrar mínútur til eða frá en þá er nauðsynlegt að ræða það við okkur fyrirfram.